


Alþingi  
Erindi nr. P 127/520  
komudagur 14.12.2001



Nefndarsvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Pórshamri  
v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2001  
Snr. 004/GP

### Efni: Tillaga til þingsályktunar um stækkun friðlands í Þjórsárverum

Náttúruvernd ríkisins hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis dags. 16. nóvember síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndar ríkisins um framanskráða þingsályktunartillögu. Náttúruvernd ríkisins fagnar framlagðri tillögu til verndar Þjórsárverum og þeirra gróðurvina sem enn eru utan friðlandsins ásamt tillögu að verndun Þjórsár að Sultartangalóni.


Eins og umhverfisnefnd er kunnugt er Þjórsárveranefnd Náttúruvernd ríkisins til ráðuneytis um verndun og stjórnun friðlandsins. Þann 10. desember síðastliðinn fundaði nefndin um áðurnefnda þingsályktunartillögu og samþykkti nefndin eftirfarandi bókun.

*Þjórsárveranefnd styður framkomna þingsályktunartillögu. Með stækkun friðlandsins í Þjórsárverum mun það ná yfir öll verin og jaðarsvæði meðfram Þjórsá að Sultartangalóni þ.m.t. landslagsgerðir í ánni s.s. tignarlega fossa. Nú þegar hefur verið gengið á verin austan Þjórsár og vatnsmagn í ánni hefur verið skert um tæplega helming. Með friðlýsingu á að koma í veg fyrir röskun á Þjórsárverum meira en orðið er. Ný friðlýsingarmörk verða að tryggja verndun þeirra vera sem Þjórsárkvíslar og Þjórsá renna um og að þau nái yfir s.s. Eyvafen og önnur ver rík af freðmýrarústum austan megin ár og öll gróðurlendi niður með Þjórsá að Sultartangalóni.*

Náttúruvernd ríkisins tekur heilshugar undir tillögu meirihluta Þjórsárveranefndar.

Virðingarfyllt

  
Árni Bragason  
forstjóri

  
Guðríður Þorvarðardóttir  
sviðsstjóri

Náttúruvernd ríkisins